

6. gr.

Með reglugerð setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef hann telur þess þörf. 3. sept.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglugerðar, sem sett er samkvæmt þeim, varða sektum allt að 200 þús. krónum.

8. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum og reglugerð, skal fara með að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

Gjört í Reykjavík, 3. september 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög um Landsbanka Íslands, nr. 10 15. apríl 1928.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptamálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna ákvæða í 8., 9. og 64. gr. laga nr. 10 15. apríl 1928, um Landsbanka Íslands, sé nauðsynlegt nú að setja eftirfarandi viðaukaákvæði.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. komi:

Meðan bankinn nýtur undanþágu þeirrar, sem ræðir um í 64. gr., þarf þó eigi að telja til frádráttar lán bankans, er ræðir um í lögum nr. 10 31. maí 1927, eða lán þau, er koma kunna í stað þessara lána.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til septemberloka 1952.

Gjört í Reykjavík, 3. september 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.